



Forsætisnefnd

***Tillaga um að tryggja fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna laun fyrir setu á fundum ráðsins.***

Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Brynjars Braga Einarssonar úr ungmennaráði Veturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

*Lagt er til að borgarstjórn feli forsætisnefnd að gera nauðsynlegar breytingar til að tryggja fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna laun fyrir setu á fundum ráðsins. Lagt er til að breytingin taki gildi haustið 2021.*

Tillögunni var vísað til meðferðar forsætisnefndar sem tók hana fyrir á fundi sínum 12. nóvember sl. en á fundinum tók tillöguflytjandi sæti og kynnti efni tillögunnar nánar fyrir nefndinni. Tillögunni var svo vísað til nánari útfærslu skrifstofu borgarstjórnar.

Í gildi er samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg en í henni kemur fram að borgarfulltrúar fá greidda þóknun og starfskostnað vegna starfa sinna auk þess sem aðrir kjörnir fulltrúar í nefndum og ráðum borgarinnar fá greidda þóknun fyrir störf sín eftir ákvæðum samþykktarinnar. Í samþykktinni hefur ekki verið ákvörðuð þóknun fyrir setu í Reykjavíkurráði ungmenna.

Tveir til fjórir fulltrúar hvers ungmennaráðs eiga sæti í Reykjavíkurráði ungmenna. Í ráðinu sitja 16 fulltrúar á aldrinum 13-18 ára. Reykjavíkurráðið fundar reglulega og árlega funda fulltrúar Reykjavíkurráðsins með borgarstjórn og leggja fram tillögur sínar varðandi málefni sem snúa að Reykjavíkurborg. Reykjavíkurráð ungmenna á áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráði og fulltrúa í stjórn barnamenningarhátíðar en þeir fulltrúar fá greitt sömu þóknun og aðrir áheyrnarfulltrúar.

Mælt er með því að forsætisnefnd samþykki að vísa tillögunni til frekari meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar. Óskað er eftir því að metinn verði kostnaður við þóknanir fyrir setu í Reykjavíkurráði ungmenna samkvæmt eftirfarandi:

- Þóknun til fulltrúa í Reykjavíkurráði ungmenna samkvæmt flokki IV í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg (kr. 66.910)
- Árleg þóknun til fulltrúa í Reykjavíkurráði ungmenna. (fjárhæð óviss)
- Almenn þóknun pr. fund til fulltrúa í Reykjavíkurráði ungmenna samkvæmt flokki IV í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg (kr. 21.746)

Þar til slíkt mat liggur fyrir og möguleg fjármögnun á þeirri leið sem valin verður er mælt með að forsætisnefnd samþykki að greiða þeim fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna sem sitja sameiginlegan fund Reykjavíkurráðsins og borgarstjórnar þóknun fyrir þann fund samkvæmt samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg, nú kr. 21.746.-.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar